

DAUÐUR

Stuttmynd eftir Magna Rúnar Kristinsson

SYNOPSIS

“Dauður” er saga um dag í lífi Kristó sem er að stíga sín fyrstu skref inn í heim **fíkniefna og ógæfu**.

Kristó og bróðir hans Óli eru að leika sér á **hjólabretti** með vinum sínum þegar Haffi, eldri vinur Kristó, biður hann um að fara í ferð upp á Keflavíkurflugvöll að sækja Tyrkjan Baris - sem er að koma til landsins með **tösku fulla af eiturfjum**.

Kristó fer heim til sín, þar sem hann ætlar að fá bíl mömmu sinnar lánaðan en hún leyfir honum það ekki, svo Kristó endar á því að hrinda henni frá sér og **stelur bílnum**.

Kristó sækir Baris upp á flugvöll og allt virðist vera að ganga vel. Þegar þeir koma í bæinn fær Kristó símtal frá bróðir sínum, sem segir honum að mamma þeirra sé búinn að hringja í **lögguna**. Kristó er er nú þegar kominn í bílakjallarann í Hamraborginni, þar sem lögreglan tekur á móti honum. Kristó reynir að komast undan en löggan nær að króa hann af og Kristó klessir bílinn, svo hann er tekinn í lögregluhendur.

Óli, bróðir og Ágústa, mamma Kristó horfa bæði á Kristó vera tekinn í burtu. Óli hleypur til Kristó og á nokkur loka orð við bróðir sinn áður en hann er tekinn í burtu.



Magni Rúnar Kristinsson - Handritshöfundur & Leikstjóri

GREINARGERÐ HÖFUNDAR

Ég hef lengi verið hrifinn af heimi hjólabretta og þeirri fjölskyldu sem myndast innan um hópá þar. Persónulega hef ég aðeins umgengist hjólabretta kúltúrin í gegnum bróðir minn Guðna Rúnar, sem var stór partur af hjólabrettamenningu á Íslandi áður en hann lést árið 2007. Af þeirri ástæðu heillast ég að því að segja bræðra sögu í hjólabretta heiminum.

Ég hef skapað spennandi og áhrifaríka sögu sem segir frá degi í lífi Kristó, sem muna vera hans örlagaríkasti.

Þessi saga tekur á málefnum líðandi stundar, svo sem heimilisofbeldi og eiturfjandrotkun ungs fólks. Áhersla verður lögð á realisma í bæði leik og tökustíl, þar sem ég sækist eftir því að senur í myndinni verði eins sannar raunveruleikanum og hægt er.

Myndin tekur innblástur úr myndum eins og *Mid 90's* og *Good Time*. Þar sem *Mid 90's* er um hjólabretta senuna í Los Angeles er margt sem ég tengi við í karaktersköpun og tökustíl. *Good Time* er bræðra saga sem gerist á einum degi og hefur afar kröftugan tökustíl, sem ég sé þessa mynd hafa sömuleiðis þegar líður á söguna og aðstæður eru verða spennuþrungnar.

Þessi mynd er næsta skref á mínum ferli og hef ég gífurlegan metnað fyrir þessu verkefni og brennur í mér eldur til þess að segja þessa sögu og koma henni á hvíta tjaldið. Ég mun ferðast með myndina á helstu kvikmyndahátíðir Evrópu og stefni ég að því að vinna til verðlauna og sanna mig sem mikilvæga rödd í íslenskri kvikmyndagerð.

Aðal Tökulið

Framleiðandi

Framleiðandi verkefnisins er Hildigunnur Ýr Johnson Thorsdóttir. Hún hefur starfað við framleiðslu tónlistarmyndbanda, auglýsinga og stuttmynda og hefur mikla reynslu af að stýra framleiðsluferli frá undirbúningi til eftirvinnslu.

Hildigunnur er fædd og uppalin Kópavogi.



Leikstjóri

Magni Rúnar Kristinsson hefur stundað nám við kvikmyndagerð bæði hér á landi í Kvikmyndaskóla Íslands og einnig meistaranám í faginu við kvikmyndaskólann 3IS í París.

Eftir dvöl hans í París hóf hann störf hjá framleiðslufyrirtækinu Sensor hér á landi og hefur unnið við framleiðslu á kvikmyndum, auglýsingum og tónlistarmyndböndum. Hann stefnir á stóra hluti í kvikmyndageiranum og með þessari mynd sanna sig enn frekar sem handritshöfundur og leikstjóri.

Magni er fæddur og uppalinn í Kópavogi



Tökumaður

Baldvin Vernharðsson hefur unnið í kvikmyndageiranum síðan 2013, bæði sem leikstjóri og tökumaður. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir bæði auglýsingar og tónlistarmyndbönd. Hann er reyndur tökumaður á filmu og því kemur hann inn með verðmæta reynslu.



Aðal leikarar

Nikulás Hansen Daðason


Nikulás er aðal leikari myndarinnar. Hann er útskrifaður leikari úr Listaháskóla Íslands, sem hefur reynslu við leik á sviði jafnt sem fyrir framan myndavél.

Hann er metnaðarfullur leikari með mikla nærveru á skjánum. Leikstjóri myndarinnar hefur unnið með honum áður við mikla hrifningu og því kom enginn annar til greina fyrir þessa mynd.



Birnir Sigurðarson

Birnir leikur aukahlutverk myndarinnar. Hann hefur sannað sig sem framúrskarandi tónlistarmann og er með mikla orku á sviði sem hann mun óneitanlega koma með í þetta verkefni.



Format

Myndin verður tekin upp á 16mm filmu. Á síðustu árum hefur filman verið að koma sterk til baka og hefur verið ákveðin bylgja og mikil spennna fyrir því að taka upp á filmu.

Að taka upp á 16mm filmu gefur stuttmyndinni einstakt og ápreifanlegt útlit. Filmuefnið veitir dýpt, náttúrulega áferð og lífrænan karakter sem getur styrkt listræna tjáningu myndarinnar.

Auk þess skapa tökurnar á filmu agað vinnuferli, þar sem hver rammi skiptir máli. Það kallar á nákvæmari skipulagningu og einbeitingu á setti, sem getur leitt til sterkari frásagnar og betri frammistöðu leikara.

Kostnaðaráætlun

Production Cost	
Cast	845,000kr
Crew	2,620,000kr
Equipment	1,050,000kr
Catering	160,000kr
Locations	175,000kr
Set Design	100,000kr
Costumes	50,000kr
TOTAL	5,000,000kr

DAUÐUR

Höfundur

Magni Rúnar Kristinsson

magni1999@gmail.com

1. ÚTI. KÓPAVOGUR, HJÓLABRETTASKÁL - DAGUR.

Tónlist heyrist koma úr hátalara sem er í forgrunni, fyrir aftan hann eru nokkrir strákar að hanga í kringum hjólabrettaskál, ýmist sitjandi við hana og að leika sér á hjólabretti.

Nál á tattoo byssu stingur í húð.

KRISTÓ (22), sem er með stutt dökkt hár, klæddur í bláar gallabuxur og í svörtum bol, með glóðarauga á vinstra auga, grettir sig úr sársauka og horfir yfir til Haffa.

Blóðið rennur niður hendina á Kristó.

HAFFI (25), hávaxinn og stæltur, með snoðað hár, í hvítum hlýraból og svörtum jogging buxum, réttir öðrum strák zip lock poka með hvítu efni.

Strákurinn réttir Haffa seðla sem Haffi setur í vasann.

Nokkrir strákar renna sér á hjólabrettinu og gera trikk.

Kristó strýkur pappír yfir hendina sína og þurkar blóðið frá húðflúrinu. Á hendinni hans er mynd af hauskúpu.

TITLE CARD: DAUÐUR

2. INNI. KÓPAVOGUR - ÍBÚÐ Í HAMRABORG, SVEFNHERBERGI - DAGUR

Kristó situr fyrir framan skrifborðið sitt og horfir á hjólabrettamyndband á youtube í tölvunni sinni.

Herbergið er frekar subbulegt, föt liggja á gólfinu og matarleifar liggja á vítt og dreif. Á veggjunum eru plaköt af hjólabrettamyndum og fáklæddum stelpum.

RAKEL (20), með mikið ljóst hár, klædd í rauðar gallabuxur og svartan bol, liggur í rúminu hans og skrollar í símanum sínum á tiktok á meðan hún reykir vape. Hún leggur síman frá sér og horfi á Kristó.

Kristó teygir sig í skókassa sem er undir skrifborðinu, setur hann á borðið og opnar hann.

Í kassanum er stór ziplock poki fullur af grasi.

Kristó tekur einn bita af grasi og milur það niður í blað sem er á borðinu fyrir framan hann.

RAKEL

Hvað ertu að gera?

Kristó horfir aftur fyrir sig og brosir til Rakelar.

Rakel stendur upp og knúsar Kristó að aftan. Kristó sleikir jónuna, lokar henni og setur hana í sigarettupakkann sinn.

Hann snýr sér við, Rakel sest á hann og horfir í augun á honum.

Kristó stendur upp og heldur á Rakel að rúminu, hann hlammar henni í rúmið og leggst svo á hana.

Kristó kyssir á henni hálsinn og Rakel byrjar að stynja. Kristó færir sig aftur upp að henni, kyssir hana og káfar á rassinum hennar. Rakel fer inn á bolinn hans Kristó og klórar bakið á honum til blóðs.

KRISTÓ

Heyrðu.

Rakel horfir á Kristó með grimmdar augum.

Kristó brosir og leysir buxurnar á Rakel. Hann dregur buxurnar hægt og rólega af henni.

Kristó klæðir sig úr bolnum, hann stendur yfir Rakel og horfir djúpt í augun á henni.

Rakel sest upp í rúmið og kyssir magann á Kristó. Hún leysir beltið og losar um buxurnar hans.

Þegar Rakel er að byrja að toga buxurnar niður labbar mamma hans Kristó, Ágústa (45), inn í herbergið með miklum hamangangi.

ÁGÚSTA

Kristó ég var búinn að segja þér að fara út með ruslið.

Kristó bregður og togar upp um sig buxurnar. Rakel fer undir sængina í flýti.

KRISTÓ

What the fuck mamma! Drullaðu þér út.

Ágústa fattar hvað hún var að labba inn á, hún drífur sig út og lokar á eftir sér.

Kristó festir beltið aftur utan um sig og klæðir sig í bol. Hann horfir á Rakel sem setur sængina yfir hausinn á sér.

KRISTÓ

Þetta er svo fokking pirrandi.

Kristó sest við hliðina á Rakel í rúmið. Hausinn á Rakel kemur undan sænginni.

Rakel getur ekki annað en hlegið að þessu. Kristó hlær líka léttilega og hristir svo á sér hausinn.

KRISTÓ

Ég verð að komast héðan út.

RAKEL

Eigum við að fara að fá okkur að borða?

KRISTÓ

Ég er að meina að flytja út.

RAKEL

Já þú meinar. Áttu efni á því?

Kristó horfir á Rakel og kyssir hana.

KRISTÓ

Ég finn út úr því.

Kristó færir sig neðar í rúmið og legst undir sængina hliðina á Rakel og þau byrja að kyssast af mikilli innlifun og ástríðu.

Það heyrir bank á hurðina og þau hætta að kyssast.

KRISTÓ

Þú ert að fokking grínast í mér.
Hvað?

Óli (15) yngri bróðir Kristó, með sítt og mikið ljóst hár gæjist inn um hurðina.

ÓLI

Ætlaru með að skatea?

KRISTÓ

Óli drullaðu þér út, ég kem á eftir.

Óli fer með hausinn aftur út og lokar hurðinni.

Kristó stendur upp og finnur vape-ið hennar Rakel og fær sér nokkra "puffa" á meðan hann horfir út um gluggan sinn þungt hugsi.

3. ÚTI. KÓPAVOGUR, HJÓLABRETTASKÁL - DAGUR

Hópur af strákum hanga í kringum hjólabrettaskálina. Haffi, Grjóni og Breki horfa á Óla steypa sér niður í skálina á hjólabretti en hann nær ekki að halda jafnvægi og slammur með hausinn í jörðina og öskrar af sársauka. Strákarnir hlægja að honum.

Kristó rennir sér að strákunum og gefur þeim öllum klestann. Hann sér bróðir sinn liggjandi í skálinni.

KRISTÓ

Ertu góður?

Óli svarar ekki og virðist vera enþá að jafna sig.

KRISTÓ

Óli?

ÓLI

Já, ég er góður.

KRISTÓ

Drullaðu þér þá frá.

Óli stendur upp með gremju, hann hendir hjólabrettinu sínu úr skálinni og togar sig sjálfan upp.

Kristó setur hjólabrettið sitt á brúnina á skálinni og rennir sér niður. Hann fer nokkrar umferðir og gerir alskonar trick.

HAFFI (25), hávaxinn og stæltur, með snoðað hár, í hvítum hlýraból og svörtum gallabuxum, steypir sér niður í skálina með Kristó.

Kristó og Haffi renna sér saman í skálinni þar sem þeir leika listir sínar.

Grjóni, Breki og Óli standa yfir skálinni, þeir horfa á strákana leika listir sínar og bregðast allir við þegar Kristó og Haffi gera mismundandi trick.

Óli tekur upp Iphone símann sinn og byrjar að taka upp myndband af strákunum.

Haffi reynir að gera erfitt trick en nær ekki að lenda því, brettið hans skýst undan honum, hann setur hendina niður til þess að komast hjá því að lenda illa á hausnum.

Brettið fer beinustu leið í brettið hans Kristó svo hann dettur líka en nær að bjarga sér frá slæmu falli.

Strákarnir sem standa yfir skálinni horfa stjarfir niður og horfa síðan á hvorn annan.

HAFFI

Shit.

Haffi haltrar að Kristó og hjálpar honum upp.

HAFFI

Góður?

KRISTÓ

Já ég held það.

Kristó skoðar á sér hendurnar og sér að það er að blæða úr lófanum og olnboganum á sér.

KRISTÓ

Smá skrámur bara.

Haffi hlær léttilega, hann nær í brettið sitt og hendir því upp úr skálinni.

Hann hleypur síðan upp úr skálinni og sest á bekk rétt hjá.

Kristó gerir það sama og sest við hliðina á Haffa á bekknum.

Breki og Grjóni fara að renna sér í skálinni.

Kristó tekur upp sigarettupakka og dregur upp úr honum jónu og kveikjara, hann reynir að kveikja í henni en nær því ekki útaf sárinu á hendinni.

Haffi tekur eftir því að Kristó er í erfiðleikum að kveikja í jónunni og réttir kveikjarann sinn og kveikir í hjá honum.

Kristó reykir jónuna nokkrum sinnum áður en hann réttir Haffa sem tekur við henni og reykir hana.

Síminn hans Haffa hringir, hann réttir Kristó jónuna og stendur upp á meðan hann svarar í símann.

HAFFI

Sælir.

Haffi labbar aðeins í burtu frá skálinni og mál hans muldrast, svo það heyrir illa hvað hann segir.

Kristó horfir á Haffa og virðist forvitinn að vita um hvað símtalið snýst.

Haffi labbar í áttina að Kristó.

HAFFI

Ég finn einhvern góðan í þetta.

Haffi skellir á og sest niður hliðina á Kristó og virðist áhyggjufullur. Hann horfir á Kristó.

KRISTÓ

Er eitthvað vesen?

HAFFI

Smá.

Haffi horfir til hliðar hugsi á svip og horfir svo aftur á Kristó.

HAFFI

Heyrðu þú verður að hjálpa mér með þessa sendingu sem er að koma í dag.

KRISTÓ

Hvað ertu að tala um?

HAFFI

Gæji frá Tyrklandi sem er að koma með sendingu.

KRISTÓ

Fuck. Er það ekki alveg risky?

HAFFI

Er ekki að spurja þig. Ég er á skilorði, þú verður að fara.

KRISTÓ

Ég skil þig.

HAFFI

Það er big money í þessu.

KRISTÓ

Já ég veit.

Kristó horfir til hliðar og staldrar við í augnablik.

HAFFI

Þetta eru alveg nokkrar miljónir.

Kristó horfir aftur á Haffa.

KRISTÓ

Þú verður að gefa mér gott cut af þessu.

HAFFI

Ekki hafa áhyggjur af því.

Haffi setur hendina sína út og Kristó tekur í hana.

KRISTÓ

Ert þú með bíl eða?

HAFFI

Nei getur þú ekki reddað því?

Kristó dásir.

KRISTÓ

Jú ég græja það.

Óli og Grjóni koma báðir upp úr skálinni.

ÓLI

Er eitthvað vesen?

KRISTÓ

Kemur þér ekki við Óli.

ÓLI

Shit, hvað beit þig eiginlega í rassinn?

KRISTÓ

Ég er farinn. Sé þig heima Óli.

Kristó stendur upp, grípur brettið sitt og steypir sér niður í skálina. Hann rennir sér svo beint upp úr henni og leggur af stað heim til sín.

Hann rennir sér fram hjá svörtum Skoda bíl sem er lagður í stæði rétt hjá hjólabrettaskálinni. Bíllinn keyrir á eftir Kristó.

ÚTI. KÓPAVOGUR - DAGUR/KVÖLD

MUSIC CUE: "Gangverk Glóaldins" eftir Öngþveiti.

Montage af Kristó renna sér um götur bæjarins.

- Hann heldur sér aftan í strætó, tekur upp símann sinn og tekur upp mynband af sjálfum sér.

- Hann rennir sér inn í "sprey göngin" í Hamraborginni þar sem nokkrir strákar eru að spreya á veggina. Hann stoppar og fær einn brúsa hjá þeim og sprejar orðin "FUCK YOU"

- Hann rennir sér á miklum hraða niður bílakjallara þar sem hann er næstum því búinn að klessa á bíl sem kemur á móti honum en hann nær rétt svo að forða sér frá.

4. INNI. KÓPAVOGUR - ÍBÚÐ Í HAMRABORG, STOFA - DAGUR

Ágústa, mamma hans Kristó situr í sófa og horfir á sjónvarpið á meðan hún reykir sígarettu.

Það heyrir í útidyrhurðinni opnast.

Kristó kemur inn í stofuna.

KRISTÓ

Ég þarf að fá bílinn.

ÁGÚSTA

Nei, ég er að fara á honum á eftir.

KRISTÓ

Mamma ég þarf að fá hann núna, hvar eru lyklarnir?

ÁGÚSTA

Kristó hættu þessari frekju.

KRISTÓ

Æj mamma ég hef ekki tíma í þetta.

Kristó byrjar að leita að lyklunum á stofuborðinu og í veskinu hennar Ágústu en finnur þá ekki, svo hann færir sig inn í forstofuna.

5. INNI. KÓPAVOGUR - ÍBÚÐ Í HAMRABORG, FORSTOFA - DAGUR

Kristó leitar að lyklunum í vösum á jökkum og úlpum af mömmu sinni.

ÁGÚSTA

(OS)

Kristó, þú tekur ekki bílinn minn!

Kristó finnur veski sem hann leitar í þar sem hann finnur lyklana. Hann klæðir sig í skó og opnar útidyrhurðina en mamma hans stígur inn í forstofuna og grípur í hendina hans.

ÁGÚSTA

Komdu með lyklana.

Kristó hrindir mömmu sinni frá sér, svo hún skellur í vegginn fyrir aftan.

Ágústa horfir á Kristó með undrandi svip.

Kristó horfir á mömmu sína í augnablik og tekur inn það sem hann hefur gert áður en hann snýr sér við, labbar út og skellir hurðinni á eftir sér.

6. INNI/ÚTI. REYKJANESBRAUT, BÍLL - DAGUR.

Kristó situr undir stýri á gömlum Toyota Yaris og brunar framúr bílum á miklum hraða. Hljóðið í vélinni stigmagnast þangað til síminn hringir og Kristó hrekkur við. Hann tekur upp símann og sér að það er mamma hans, svo hann skellir á.

7. INNI. KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR - DAGUR

Rauð ferðataska liggur á töskubelti. Hún er umkringd nokkrum svörtum töskum.

Það er gripið í handfangið á töskunni og kipt henni af beltinu.

8. INNI/ÚTI. REYKJANESBRAUT, BÍLL - DAGUR.

Síminn hans Kristó hringir aftur, núna er það Haffi. Kristó svarar símanum í flýti.

KRISTÓ

Ég er á leiðinni.

HAFFI

(OS)

Hann er kominn. Af hverju ertu ekki mættur?

KRISTÓ

Já gaur, ég er á 150.

Kristó skellir á og kveikir sér í sígarettu á meðan hann keyrir á ógnarhraða.

Síminn hans hringir eina ferðina enn og núna er það Rakel. Kristó horfir lengi á símann og lætur hringja út. Hann hendir símanum í farðegasætið.

9. ÚTI. KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, BÍLASTÆÐI - DAGUR

Kristó leggur í stæði við flugvöllinn, hann tekur upp símann sinn og hringir í Haffa.

KRISTÓ
Ég er mættur.

HAFFI
(OS)
Ok, gæjinn ætti að vera þarna. Hann er með rauða ferðatösku.

Nokkrum metrum fyrir framan bílinn stendur BARIS (25), dökkhærður með yfirvarskegg, klæddur í svarta úlpu og heldur í rauða ferðatösku og reykir sígarettu.

Kristó sér hann og veifar hendinni út um gluggann, Baris sér hann og labbar að bílnum.

KRISTÓ
Ok ég sé hann, heyri í þér þegar við erum mættir í bæjinn.

HAFFI
Gangi þér vel.

Kristó skellir á og fer út úr bílnum.

KRISTÓ
Hey.

Baris labbar að bílnum og tekur í hendina á Kristó

BARIS
Are you Kristófer?

KRISTÓ
Yes, that's me.

BARIS
Ok good, open the trunk.

KRISTÓ
Yeah.

Kristó fer og opnar skottið fyrir Baris.

Baris hendir töskunni í skottið, lokar því og sest inn í bílinn.

10. INNI/ÚTI. KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, BÍLL - DAGUR.

Kristó sest undir stýri og lokar hurðinni á eftir sér.

BARIS

Ok let's get the fuck out of here.

Kristó bakkar úr stæðinu og keyrir af stað.

KRISTÓ

So you are from Turkey right?

BARIS

Yeah.

KRISTÓ

I have never been there but would really like to.

Baris segir ekkert og brosir stutt.

KRISTÓ

Will you stay here for long?

BARIS

Yeah, thats the plan.

Baris virðist pirraður.

KRISTÓ

Ok cool. And what do you...

Baris grípur fram í Kristó.

BARIS

Can you just drive and not talk please?

Kristó bregður smá við það sem Baris segir.

KRISTÓ

Uhh yeah sure.

Kristó keyrir út af flugvallasvæðinu og í áttina að Reykjavík.

11. INNI/ÚTI. REYKJANESBRAUT, BÍLL - DAGUR

Baris tekur upp sígarettupakka.

BARIS

Can I smoke?

KRISTÓ

Sure. Can I have one?

Baris réttir Kristó sígarettu og kveikir í henni fyrir hann áður en hann kveikir í fyrir sjálfan sig.

Þeir reykja í þögninni.

Kristó horfir í baksýnisspegill og tekur eftir því að blá og rauð ljós birtast úr fjarska.

KRISTÓ

Fuck.

BARIS

What?

KRISTÓ

The cops are coming.

BARIS

They are not coming for us.

KRISTÓ

What do you mean? Who else would they be coming for?

Baris reykir sígarettuna sína og virðist óvenju rólegur miðað við aðstæður.

KRISTÓ

Hvaða rugl er ég búinn að koma mér út í?

Kristó heldur fast um stýrið með báðum höndum. Í annari hendinni er sígarettan að brenna upp án þess að Kristó taki eftir því.

BARIS

What?

KRISTÓ

Haltu kjafti.

BARIS

I can't understand a word that you are saying.

Sígarettan brennur alla leið niður í puttana á Kristó svo honum bregður og hendir sígarettustubbum á gólfið í bílnum.

KRISTÓ

Ahh fuck.

Baris hlær að Kristó.

Kristó starir á Baris með grimmdar svip.

12. INNI. SKOTT Á BÍL - DAGUR

Rauða ferðataskan liggur í skottinu á bílnum.

13. INNI/ÚTI. REYKJANESBRAUT, BÍLL - DAGUR

KRISTÓ

I can't go to fucking prison.

Ljósinn og sírenurnar á lögreglubílnum nálgast hratt.

Boris lítur aftur fyrir sig og hann sér að lögreglubíllinn er ekki að hægja á sér.

BARIS

Look he's not stopping us. You will not go to prison.

Lögreglubíllinn keyrir fram úr á ógnar miklum hraða.

Kristó dásir.

KRISTÓ

What the fuck.

BARIS

I knew it.

KRISTÓ

Þetta er nú meira fokking ruglið.

Boris horfir á Kristó og hristir á sér hausinn.

MUSIC CUE: "Dauður" eftir Birnir

Kristó horfir dauðum augum á Baris. Hann andar inn og út, tekur föstum tökum um stýrið með báðum höndum og starir á veginn fyrir framan sig.

14. INNI/ÚTI. REYKJANESBRAUT, BÍLL - DAGUR

Montage af bílaskotum á leiðinni til baka frá Keflavík þangað til þeir keyra inn í Hafnarfjörð.

15. ÚTI. KÓPAVOGUR, HJÓLABRETTASKÁL - DAGUR

Haffi, Grjóni og Breki horfa á Óla í skálinni og standa allir tilbúnir að fara á eftir honum.

Síminn hans Haffa hringir, hann tekur símann upp úr vasanum og svarar á meðan strákarnir halda áfram að leika sér í skálinni.

HAFFI

Ertu mættur í bæjinn?

KRISTÓ

(OS)

Já, við erum í Hafnarfirði.

HAFFI

Er nokkuð verið að elta ykkur?

Haffi snýr sér við og sér að strákarnir eru allir að hlusta á símtalið. Hann labbar aðeins í burtu frá skálinni svo þeir heyra ekki lengur í honum.

16. INNI/ÚTI. BÍLL - HAFNARFJÖRÐUR - DAGUR.

Kristó horfir í baksýnisspegilinn og sér svartan Skoda keyra fyrir aftan sig.

KRISTÓ

Nei, það held ég ekki.

HAFFI

(OS)

Ok, hittu mig í bílakjallaranum í hamraborginni.

KRISTÓ

Gaur ég er með slæma tilfinningu fyrir þessum gaur.

HAFFI

(OS)

Hvað ertu að tala um?

Kristó horfir til hliðar á Baris og brosir vandræðilega til hans en Baris sýnir engin svipbrigði.

KRISTÓ

Hann er bara eitthvað sketchy.

17. ÚTI. KÓPAVOGUR, HJÓLABRETTASKÁL - DAGUR

Haffi labbar í áttina að strákunum sem eru hættir að fylgjast með honum og byrjaðir að renna sér aftur.

Hann nær í brettið sitt og labbar í burtu.

Óli tekur eftir því að Haffi sé að fara.

ÓLI

Hvað er í gangi?

Haffi svarar ekki. Hann hendir brettinu undir sig og ýtir sér áfram í flýti.

18. INNI/ÚTI. BÍLL, KÓPAVOGUR - DAGUR.

Kristó og Baris sitja í bílnum og segja ekki neitt. Þögnin er svo mikil að það heyrast nánast í henni.

Síminn hans Kristó hringir. Hann tekur símann upp úr vasanum, það er Óli. Hann svarar í símann.

KRISTÓ

Hæ.

ÓLI

(OS)

Gaur, mamma var að hringja á lögguna. Ekki koma heim.

Bíllinn keyrir inn í bílakjallarann í Hamraborg.

KRISTÓ

Fuck.

19. INNI. ÍBÚÐ Í HAMRABORG, BAÐHERBERGI - DAGUR

Óli stendur inni í stofunni og horfir inn í eldhús þar sem mamma hans, Ágústa er einnig að tala í símann.

ÓLI

Hún er að segja að þú hafir ráðist á hana.

KRISTÓ (OS)

Jesús, djöfull getur hún verið klikkuð.

ÓLI

Hvað er í gangi Kristó?

Mamma hans labbar inn í stofuna og fer að Óla.

ÁGÚSTA

Ertu að tala við aumingjann hann bróðir þinn?

Óli borfir til móður sinnar en svarar henni ekki.

ÁGÚSTA

Ég er búinn að hringja í lögguna Krisófer! Ég nenni þessu rugli ekki lengur.

ÓLI

Mamma hættu þessu.

ÁGÚSTA

Hann á þetta skilið.

Ágústa labbar aftur inn í eldhús og virðist mjög taugaveikluð. Hún tekur sígarettupakka sem liggur á elhúsborðinu, kveikir sér í sígarettu og horfir út um gluggan.

Óli heldur áfram að tala í síman.

ÓLI

Hvert ætlaru að fara með þetta?

Ekkert heyrir úr símanum, Óli horfir á símann og sér að Kristó er búinn að skella á. Hann setur símann í vasann og labbar í áttina að útidyráðurðinni án þess að Ágústa taki eftir því og fer út.

20. INNI/ÚTI. BÍLAKJALLARI Í HAMRABORG - DAGUR.

Kristó horfir til hliðar og virðist mjög stressaður.

KRISTÓ

The cops are close to here.

BARIS

What, why?

KRISTÓ

My mom called them. We have to get out of here and meet Haffi somewhere else.

BARIS

Why would your mom call the police?

KRISTÓ

Because this is her car and she is crazy.

Þegar bílinn nálgast útganginn á bílajakjallaranum keyrir svartí Skoda bílinn fyrir hornið og setur blá og rauð ljós í gang sem eru falin inni í bílnum.

BARIS

Fuck.

Kristó setur bílinn í bakkgír.

Bílarnir stangast höfuð til höfuðs. Bíllinn sem Kristó og Baris sitja inni í bakkar á miklum hraða frá en lögreglubíllinn fylgir vel á eftir þeim og engin leið virðist í burtu fyrir Kristó og Baris.

Kristó horfir í baksýnisspegilinn og sér beygju sem hann getur tekið. Hann grípur í stýrið og beygir en er á of miklum hraða, svo hann neglir afturendanum á bílnum í vegg.

Loftpúðinn springur í andlitið á Kristó en enginn púði springur fyrir Baris svo hausinn á honum neglist í mælaborðið og hann rotast.

21. ÚTI. BÍLAKJALLARI - DAGUR. - ANDARTAKI SÍÐAR

Kristó rankar við sér með blóð að leka niður úr hausnum. Blá og rauð ljós blikka á andlitunu hans. Kristó horfir út um gluggan og sér Haffa standa við inngang bílastæðahúsins.

Haffi horfir inn og sér Kristó. Þeir horfa á hvorn annan í augnablik áður en Haffi snýr sér við og labbar í burtu.

Kristó horfir til hliðar og sér Baris meðvitundarlausan með andlitið hulið í blóði.

Bank heyrir koma frá rúðunni.

LÖGREGLUÞJÓNN

(OS)

Stígðu út úr bílnum!

Kristó horfir út um gluggan, starir á lögregluþjóninn og virðist ekki vera að meðtaka það sem hefur gerst.

Lögregluþjónninn reynir að opna hurðina en hún er læst.

LÖGREGLUÞJÓNN

Opnaðu hurðina!

Kristó starir á lögregluþjóninn.

LÖGREGLUÞJÓNN

Núna!

Kristó horfir í kringum sig og tekur loks í hurðarhúnninn.

Lögregluþjónninn grípur í hurðina með miklum krafti og opnar hana upp á gátt. Hann tekur í Kristó og togar hann út og þrístir honum upp að bílnum.

Annar lögregluþjónn er hinumeginn við bílinn að reyna að tala við Baris sem er ennþá meðvitundarlaus.

Þriðji lögregluþjónninn stendur við skottið á bílnum og tekur rauðu töskuna upp.

Kristó horfir á lögregluþjóninn og andvarpar. Það er glott á lögregluþjóninum, sem virðist vita hvað er í töskunni.

Sjúkrabíll keyrir inn í bílakjallarann og leggur rétt hjá bílnum. Tveir sjúkraliðar fara að Baris og aðstoða hann.

Lögregluþjónninn setur Kristó í handjárn og fer með hann að sjúkrabílnum.

Óli hleypur í áttina að slys-staðnum og sér Kristó vera tekinn í burtu í handjárnnum.

Óli hleypur í áttina að Kristó en það er lögregluþjónn sem stoppar hann.

ÓLI

Láttu mig í friði!

Óli reynir að komast í burtu frá Lögregluþjóninum en hann heldur honum föstum tókum.

ÓLI

Kristó!

Óli sparkar í fótinn á lögregluþjóninum og nær að losa sig frá honum. Hann hleypu að Kristó en nær ekki til hans því lögregluþjóninn er strax kominn að taka hann í burtu, en áður en hann nær að gera það hvíslar Kristó í eyrað á Óla.

Muldrað tal heyrir en óljóst er hvað Kristó segir.

Óli hættir að slást við lögregluþjóninum og stendur kjur á meðan hann horfir stjörvum augum á bróðir sinn vera tekinn í burtu.

Kristó stígur upp í sjúkrabílinn og sest inn í hann. Blóðið lekur niður út hausnum á honum en stoppar á augabrúninni hans.

Hann horfir í augun á Óla og kinkar kolli. Kristó horfir fyrir ofan Óli og sér Ágústu, móður sína.

Ágústa stendur með krosslagðar hendur og virðist sátt. Hún kveikir sér í sígarettu og horfir á Kristó.

Kristó horfir á mömmu sína í augnablik áður en hann horfir í burtu og starir niður á gólfið.

Sjúkraliði stígur upp í bílinn og lokar hurðinni.

Sjúkrabíllinn keyrir í burtu og lögreglubílarnir elta.

22. INNI. SJÚKRABÍLL - DAGUR

Kristó horfir niður á gólfið og andvarpar.

SJÚKRALIÐI (MULDRAÐ)

Komdu og sestu hérna.

Kristó horfir á sjúkraliðan en virðist ekki heyra hvað hún er að segja.

Sjúkraliðinn bendir honum á að setjast nær sér.

Kristó færir sig nær sjúkraliðanum.

Sjúkraliðinn þurkar blóðið úr andlitinu á Kristó.

SJÚKRALIÐI (MULDRAD)

Mannstu hvað gerðist?

Kristó horfir á sjúkraliðan en segir ekki neitt. Hann horfir svo fram, svipur hans gefur til kynna að hann sé að átta sig á því hvað bíður hans. (Kubrick stare)

Endir.